

Stjórn Dalbæjar

22. fundur Dalbæjar 2018-2022
6. fundur ársins

Mánudaginn 23.6.2020 kl. 17:00 var haldinn fundur í stjórn Dalbæjar.
Boðaðir voru aðalmenn í stjórn og Hólmsfríður Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

- 1. Ársreikningur Dalbæjar 2019.**
Þorsteinn frá KPMG lagði fram ársreikning ársins og skilaði heimilið rekstrarafgangi u.þ.b. 1 milljón kr.
- 2. Framkvæmdamál.**
Ágúst frá Form kom og ræddi ýmis mál varðandi viðhald utanhúss. Honum var falið að vinna að útboðsgögnum.
- 3. Samningur við Dalvíkurbyggð vegna félagsstarfs aldraðra og öryrkja.**
Samningur ræddur og ýmsar tillögur ræddar. Elísu falið að halda áfram með viðræður við Dalvíkurbyggð.
- 4. Tæknimál.**
Uppsetning á myndlyklum hafin. Lyfjafyrirmælakerfið er í vinnslu.
- 5. Önnur mál.**
 - Málun ganganna frestast fram á haustið.
 - Kaupa þarf skrifstofustóla.
 - Endurnýja þarf sjúkrarúm, nokkur farin að bila.
 - Skolpotturinn er nánast ónýtur. Samþykkt var að kaupa skolpott frá Fastus.
 - Nokkur loftljós eru ónýt og tíð peruskípti. Samþykkt var að fá endurnýjað tilboð og láta laga.
- 6. Fundargerð síðasta fundar.**
Engar athugasemdir og skoðast því samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30

Fundinn sátu undirritaðir:

Kristinn Bogi Antonsson, formaður

Valdís Guðbrandsdóttir

Heiða Hilmarsdóttir

Rúna Kristín Sigurðardóttir

Valdemar Viðarsson

Elísa Rán Ingvarsdóttir

Hólmfríður Jónsdóttir